

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skal stofnfe´sjóðs eða stofnunar árið 1992 vera 420 000,00 kr. hið minnsta.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. janúar 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 16

16. janúar 1992

GJALDSKRÁ

fyrir mengunareftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

1. gr.

Sveitarstjórnnum á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 3. tl. 5. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 og 3 gr., 6. tl. og viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 svo sem hér greinir:

- 1. flokkur kr. 10 000.
- 2. flokkur kr. 20 000.

Gjaldldagi eftirlitsgjalda er 1. mars og eindagi 1. maí.

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefnda, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 og 5. tl. 8. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990 er heimilt að innheimta leyfisgjald svo sem hér greinir:

- 1. flokkur kr. 1 000.
- 2. flokkur kr. 2 000.

3. gr.

Fyrirtæki sem talin eru upp í viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð flokkast eftir umfangi og mengun í 1. eða 2. flokk. Þar sem um er að ræða mjög takmarkaða starfsemi eða starfsemi hluta úr ári er heimilt að innheimta hluta af gjaldi 1. flokks samkvæmt nánari ákvörðun svæðisnefndar.

4. gr.

Gjöld skv. 1. gr. má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Vestfjarðasvæði, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og gildir frá og með 1. janúar 1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldskrá fyrir mengunarvarnaeftirlit á Vesturlandi gildir fyrir Austur-Barðastranda-sýslu þangað til annað verður ákveðið.

Umhverfissráðuneytið, 16. janúar 1992.

F. h. r.

Kristinn Sv. Helgason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal:

Flokkun eftirlitsskyldra fyrirtækja eftir umfangi starfseminnar sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988.

1. flokkur.

Málmsteypur.
Stálsmiði og stálskipagerð.
Völsunar, víra og stangaverksmiðja.
Nagla- og skrúfu framleiðsla.
Vélaframleiðsla.
Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði.
Steinmölun.
Steinsmiði.
Steypestöðvar.
Steypueningaverksmiðjur.
Leirmunaverksmiðja.
Fyrirtæki sem geyma klórgas.
Lakksprautun.
Prentiðnaður.
Efnalaugar.
Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla.
Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum.
Átöppun og þökkun ýmissa efnasambanda.
Framleiðsla á aukaefnum og hjálparefnum fyrir matvælaíðnað.
Fóðurblöndur.
Fóðurstöðvar.
Gúmmívinnsla.
Trésmíðaverkstæði.
Sögunarmyllur.
Fúavörn á timbri.
Framleiðsla á spónaplötum, límtré o. þ.h.
Spennistöðvar.
Vörugeymslur.
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla.
Skotvellir.
Þvottahús.
Leðurvinnsla.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur.
Litun og bleiking.
Matvælavinnsla.
Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir.
Flugvellir og flugbrautir.
Bífreiðaverkstæði.
Ryðvarnaverkstæði.
Bílaþvottastöðvar.
Smurstöðvar.

Bensínstöðvar.

Flutningamiðstöðvar.

Biðstöðvar leigu- og fólksflutningabífr.

Æfingasvæði slökkviliðs.

Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.

Loðdýrabú.

Alifuglabú.

Svínabú.

Kanínurækt.

Hestahald.

Dýraspítalar.

Hunda- og kattageymslur.

Gæludýraverslanir.

Líkbrennslur.

Önnur sambærileg starfsemi.

2. flokkur.

Móttökustöðvar fyrir sorp.

Hreinlætivöruverksmiðjur.

Plastframleiðsla.

Olímal- og malbikunarstöðvar.

Yfirborðsmeðhöndlun á járn, stáli og öðrum málmum.

Sútunarverksmiðjur.

Seiða- og fiskeldisstöðvar.

Fituherlur.

Birgða- og afgreiðslustöðvar fyrir olíur og bensín.

Gasbirgðastöðvar.

Lifrabræðslur.

Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi.

Skólfhreinsistöðvar.

Kísilmálmframleiðsla.

Kísiljárnframleiðsla.

Járn- og stálframleiðsla.

Glerullar- og steinullarframleiðsla.

Meðhöndlun og eyðing á hættulegum efnaúrgangi.

Framleiðsla á tilbúnum áburði.

Sements- og kalkframleiðsla.

Cellulosa- og pappírframl.

Sorphaugar.

Stórar fiskeldisstöðvar.

Fiskimjölsverksmiðjur.

Önnur sambærileg starfsemi.